

Nr. 458

9. maí 2012

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018,
vegna flutningslína raforku og tengivirkis við Kífsá.**

Skipulagsstofnun staðfesti þann 9. maí 2012 breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018, vegna flutningslína raforku og tengivirkis við Kífsá, sem samþykkt var í bæjarstjórn Akureyrar-kaupstaðar þann 17. apríl 2012. Niðurstaða sveitarstjórnar var birt 3. maí 2012.

Í breytingartillögunni er gert ráð fyrir að Blöndulína 3 (220 kV lína) tengist nýju tengivirki við Kífsá. Þaðan liggi 132 kV jarðstrengir að tengivirkini við Rangársvelli og þaðan liggi 132 kV jarðstrengir að afþynnuverksmiðjunni í Krossanesi. Breytingin nær bæði til þéttbýlisuppdráttar og sveitarfélagsuppdráttar aðalskipulags Akureyrar 2005-2018 og kafla 4.7 í greinargerð.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 9. maí 2012.

Stefán Thors.

Erna Hrönn Geirs dóttir.

B-deild – Útgáfud.: 25. maí 2012